



Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. október 2019


Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (SI) um frumvarp til laga um fjárlög 2020, 1. mál.

Ríkisfjármálin nýtt til að milda niðursveifluna

Efnahagshorfur hafa farið hratt versnandi undanfarið. Í stað hagvaxtar hefur tekið við samdráttur. Verkefni hagstjórnar hefur því á tiltölulega skömmum tíma snúist úr að draga úr þenslu yfir í að milda samdrátt. Verkefnið nú er því að beita ríkisfjármálum með virkum hætti til að vega á móti niðursveiflunni og stuðla að jafnvægi á milli framleiðslugetu og eftirspurnar í samspili við stjórn peningamála. Markmiðið er efnahagslegur stöðugleiki sem er nauðsynleg forsenda áframhaldandi velmegunar og eitt af grunngildunum fimm sem gerð er krafa um í lögum um opinber fjármál.

Jöfnuður ríkisfjármála, % af VLF






Það er hjálplegt að viðnámspróttur þjóðarbúsins er mikill í sögulegu tilliti um þessar mundir. Í því sambandi skiptir miklu máli að ríkisfjármálin hafa verið rekin með afgangi um nokkurra ára skeið og skuldir ríkissjóðs hafa lækkað umtalsvert. Geta ríkisstjórnarinnar til að beita hagstjórnartækjum sínum í viðnámi og skapa stöðugleika í samspili við m.a. stjórn peningamála er því meiri en oft áður.

Ganga þarf til verka af áræðni

Á sama tíma og stjórnvöld hafa nýtt ríkisfjármálin til að vinna á móti niðursveiflunni hefur peningastefnunefnd Seðlabankans lækkað stýrivexti bankans. Hagstjórnaraðilar hafa þannig gengið í takt í því verki að milda niðursveifluna og tryggja stöðugleika. Það er fagnaðarefni að hagstjórnaraðilar gangi í takt í hagstjórnaraðgerðum og að sá taktur sé nú markvissari en oftast áður í íslenskri hagsögu. Það er hins vegar ekki nóg að ganga í takt í hagstjórninni. Takturinn verður að vera af áræðni og nægjanlega hraður til að mýkja efnahagssamdráttinn og skapa grundvöll fyrir nýju hagvaxtarskeiði. Áræðni þarf þar sem hugað er að öllum þeim þáttum sem kunna að mynda grunn að nýju hagvaxtarskeiði og hjálpa fyrirtækjum og heimilum að mæta efnahagssamdrættinum.

Við þessar aðstæður er hættulegt að ofmeta væntan viðsnúning hagkerfisins eins og virðist því miður vera gert í spám sem undanfarið hafa verið lagðar til grundvallar ákvarðanatöku í peningamálum og gerð frumvarps til fjárlaga ríkissjóðs. Í þessum spám er gert ráð fyrir að eftir tiltölulega mildan samdrátt í hagkerfinu taki hagvöxtur nokkuð kröftuglega við sér á næsta ári. Samtök iðnaðarins benda á að forsendur þessa efnahagsbata sem spárnar gera ráð fyrir eru býsna bjartsýnar og að frekari hagstjórnaraðgerða sé þörf ef viðsnúningur hagkerfisins á að vera þetta hraður hér á landi á næstunni.

Hagvaxtarspár Hagstofunnar, %





Það er að mati samtakanna fullt tilefni til þess að nýta svigrúm innan fjármálareglna til að auka við slakann í opinberum fjármálum. Í því sambandi ætti að ráðast í aðgerðir sem eru umfram það að leyfa innbyggðum sveiflujöfnurum að virka með þeim hætti sem þeim er ætlað að gera við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi.

Forgangsröðun í þágu samkeppnishæfni og verðmætasköpunar

Samtök iðnaðarins vilja benda á að mikilvægt sé að forgangsröðun í ríkisfjármálum endurspegli þá meginþætti sem líklegastir eru til að efla samkeppnishæfni Íslands um þessar mundir og undirbyggja þar með bætt lífskjör landsmanna litið til framtíðar. Í því sambandi lýsa SI ánægju sinni með það sem fram kemur í frumvarpinu að auka á framlög til samgöngumála, nýsköpunar og menntunar. Einnig fagna samtökin þeim áformum sem ætlað er til að bæta starfsumhverfi fyrirtækja. Ráða þessir þættir miklu um samkeppnishæfni Íslands til framtíðar líkt og bent er á í skýrslu samtakanna „Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina“.

Benda samtökin hins vegar á að ekki nægir að auka fjárframlög til þessara verkefna heldur þarf að gæta að því að það fjármagn sem í þau fer sé að skila sér í bættri samkeppnishæfni og aukinni innlendri verðmætasköpun fyrirtækjum og heimilum til heilla.

Umfang hins opinbera hefur vaxið verulega hér á landi á síðustu áratugum og er það mikið í alþjóðlegum samanburði. Endurspeglar það að hluta að Ísland er norrænt velferðarkerfi. Auknu umfangi hins opinbera hefur fylgt aukin skattbyrði og álögur á fyrirtæki og heimili í landinu. Miklar áskoranir eru framundan í þessum efnum, m.a. vegna öldrunar þjóðarinnar.

Mikilvægt er að huga að skilvirkni og kostnaðarlágmörkun í rekstri hins opinbera. Auka þarf áherslu á árangur útgjaldabátta. Með bættem árangurstengingum og forgangsröðun má tryggja betri nýtingu á skattfé landsmanna, losa um framleiðsluþætti, auka framleiðni og skapa svigrúm til skattalækkana. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna ábendingar OECD í nýlegri úttekt stofnunarinnar á íslenska hagkerfinu en þar segir að þar til nýlega hafi dregið úr gæðum útgjalda hins opinbera hér á landi m.t.t. verðmætasköpunar.¹ Segir stofnunin að gæði útgjalda hins opinbera sé hér á landi í þessu ljósi rétt í meðaltali OECD ríkjanna. Bendir stofnunin m.a. á að lágt hlutfall opinberra fjárfestinga í heildarútgjöldum sé dragbítur fyrir hagvöxt. Fagnar stofnunin í því ljósi m.a. boðaðri aukningu útgjalda til fjárfestinga í frumvarpi til fjárlaga.

Létta álögur á fyrirtæki og hjálpa þeim þannig að mæta niðursveiflunni

Viðnámsþróttur fyrirtækja er meiri en oft áður, þ.e. eiginfjárstaða atvinnugreina er sterk og skuldir í hlutfalli af landsframleiðslu sögulega lágur. Þó hefur dregið hratt úr viðnámsþróttinum undanfarið.² Skuldahlutföll hafa hækkað og arðsemi eigin fjár dregist saman. Þá hefur launakostnaður farið hækkaði hvort sem litið er á meðallaunakostnað á hvern starfsmann eða launakostnað í hlutfalli af tekjum og verðmætasköpun. Geta fyrirtækjanna til að mæta niðursveiflunni er minni af þessum sökum.

¹ Iceland, OECD Economic Surveys, sept. 2019


² Á þetta er m.a. bent í nýjustu skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika



Laun á vinnustund eru há hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Laun hafa á síðustu árum hækkað langt umfram innlenda framleiðnivöxt og laun í löndum helstu keppinauta innlendra fyrirtækja. Samkeppnisstaðan hefur því versnað. Staðan er umhugsunarefni m.a. í ljósi þess að fyrirtækin þurfa nú að takast á við minni innlenda eftirspurn og hagvöxt. Hún er einnig umhugsunarefni í ljósi þeirrar áleitnu spurningar með hvaða hætti má knýja áfram hagvöxt næstu missera. Mikilvægt er að tryggja íslenskum fyrirtækjum samkeppnishæfni þannig að framleiðni vinnuafis standi undir þessum launum og í leiðinni góðum efnahagslegum lífsgæðum hér á landi.

Mikilvægt er við þessar aðstæður að dregið sé úr skattheimtu á íslensk fyrirtæki. Í því sambandi er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tryggingagjaldið lækki um 0,25% á árinu 2020. Þrátt fyrir lækkunina verður tryggingagjaldið enn of hátt miðað við núverandi stöðu á vinnumarkaði.


Raungengi krónunnar m.v. hlutfallslegan launakostnað, vísitala



Fyrirheit voru gefin af hálfu stjórnvalda um að tryggingagjaldið myndi lækka í þremur skrefum niður í 5,85% á árunum 2016-2018. Aðeins fyrsti áfangi lækkunarinnar kom til framkvæmda. Þó tryggingagjaldið lækki á þessu ári og því næsta mun tryggingagjaldið enn vera 0,5% hærra en lofað var árið 2015, eða 6,35% í stað 5,85%. Tryggingagjaldið leggst á launagreiðslur. Lækkun gjaldsins til samræmis við áður gefin fyrirheit myndi auka svigrúm fyrirtækja og auðvelda þeim að mæta hækkandi launakostnaði á komandi árum og sporna gegn fækkun starfsfólks í niðursveiflunni. Frekari lækkun tryggingagjaldsins er því nauðsynleg aðgerð fyrir íslenskan vinnumarkað.



Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum, ma.kr.



Tillögur að umhverfissköttum verði endurskoðaðar og betrubættar

Auknar álögur á atvinnulífið í formi vörugjalda, sér í lagi olíugjalds og kolefnisgjalds, hafa verið gífurlegar undanfarin ár og í fyrirliggjandi frumvarpi er enn á ný lagt til að hækka þau gjöld enn frekar. Um þetta segir m.a í athugasemdum við frumvarpið að aukin álagning skatta í formi eldsneytisskatta muni skila tekjum að upphæð 31,2 ma. kr. en samkvæmt frumvarpinu er lagt til að bensín- og olíugjald hækki um 2,5% í ársbyrjun en nú þegar hefur verið lögfest 10% hækkun kolefnisgjalds 1. janúar 2020. Eins og samtökin hafa áður vakið athygli á vinna mörg fyrirtæki nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Vilja félagsmenn samtakanna vinna að jákvæðri þróun í þessum efnun. Samtökin benda hins vegar á að þó tækniframþróun sé hröð í þessum efnun er það ekki svo að hægt sé að fá stærri ökutæki, vinnuvélar og sum iðnaðartæki þannig að þau nýti endurnýjanlega orkugjafa. Orkuskipti er því ekki raunhæfur kostur sem stendur, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru að óbreyttu hverfandi. Auknar álögur á atvinnulífið og hvatar sem fyrirtæki hafa ekki möguleika á að fylgja eftir eru í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands.

Því næst vekja samtökin athygli á að í fyrirliggjandi frumvarpi er stefnt að því að ríkið innheimti um 3 ma. kr. með nýjum urðunarskatti á heimili og fyrirtæki en með þeim skatti er almennt verið að stefna að því að beina tilteknum úrgangi í annan farveg en með urðun og draga þannig úr umhverfisáhrifum vegna meðhöndlunar úrgangs. Slík aðgerð getur hins vegar aldrei staðið ein og sér enda mikilvægt að samhliða sé lögð áhersla á að styðja við endurvinnslu og samstarf um söfnun endurvinnslufna, s.s. á þá vegu að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að draga úr umhverfisskaða og skapa þeim tækifæri í formi aukinna skilvirkni, fjárfestinga í grænum lausnum og nýsköpun og breyta neysluhegðun.



Beiting urðunarskatts þarf að grundvallast á því að heimili og fyrirtæki eigi þess kosts að að koma úrgangi í annan farveg en urðun. Hins vegar eru slík úrræði enn ekki til staðar með fullnægjandi hætti hér á landi. Því er hætt við því að innleiðing urðunarskatts endi sem hrein tekjuöflun fyrir ríkissjóð á meðan ekki er brugðist við þeim vanda sem uppi er hvað varðar aðstöðu- og úrræðaleyfi við meðhöndlun úrgangs. Fyrirtæki og heimili vilja almennt standa sig vel í úrgangsmálum en að óbreyttu eru enn ekki til staðar nauðsynleg úrræði svo unnt sé að farga úrgangi með fullnægjandi hætti hér á landi og ekki verður séð að nýr urðunarskattur leysi þessa stöðu.

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til innheimta á alls um 50 ma. kr. í formi umhverfisskatta án þess að nokkur reki sér gerður að því að hvernig þeirri fjárhæð verði beint í aðgerðir eða uppbyggingu á sviði umhverfismála. Slíkt kann að grafa undan áhuga á gagnsemi þessara skatta þegar tekið er tillit til þróunar ríkisútgjalda. Leggja þarf áherslu á að tekjur sem skapast vegna beitingar greiðslureglu umhverfisréttar verði með skýrum hætti leiddar út í efnahagslífið þannig að þær gagnist sem flestum og þá ekki síst þeim fyrirtækjum sem skipuleggja rekstur sinn með umhverfismál að leiðarljósi. Því er hætt við að sú innheimta grundvallist eingöngu og alfarið á almennum tekjuöflunarsjónarmiðum í stað uppbyggingar eða aðgerða á grundvelli almennra sjónarmiða sem um slíka umhverfisskatta gilda.

Mikilvægt er því að mati samtakanna að hugmyndir að nýjum umhverfissköttum verði betrumbættar á þann veg að í þeim verði gerð grein fyrir því hvernig standi til að ráðstafa tekjunum af þessari innheimtu skatta.

SI mótmæla hækkun krónutölugjalda

SI gagnrýna áform hins opinbera um hækkun krónutölugjalda á olíugjaldi, bensíngjaldi, kílómetragjaldi, bifreiðagjald og áfengis- og tóbaksgjaldi. Síðustu ár hafa þessi gjöld hækkað árlega um 2,5% sem hefur komið mjög niður á íslenskum framleiðendum og neytendum. Í þessu samhengi vilja samtökin þá minna á eitt meginmarkmið lífsskjarasamninganna um stöðugt verðlag og varðveislu kaupmáttar fyrir almenning í landinu. Rekstrarumhverfi fyrirtækja versnar einnig með auknum álögum sem kemur niður á samkeppnishæfni þeirra. Til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni er mikilvægt að halda aftur að hækkunum á sköttum og gjöldum nú þegar við siglum inn í samdráttarskeið. Stjórnvöld ættu öðru fremur að draga úr hömlum og álögum á þessum tímamarki til að styrkja íslenskt atvinnulíf sem skilar sér síðan í aukinni hagsæld. Leggja samtökin því til að hækkun áður nefndra gjalda verði dregin til baka.

Munur á innlendum og erlendu raunvöxtum þarf að lækka

Vextir hér á landi eru háir í alþjóðlegum samanburði. Mikill munur er á bæði skammtíma- og langtíma og nafn- og raunvöxtum hér á landi og í helstu viðskiptalöndunum þó að munurinn hafi minnkað nokkuð undanfarið. Óstöðugleiki efnahagslífsins í fortíð og peningastefna Seðlabankans birtist m.a. í þessum mun.

Ríkið getur lækkað vexti og bætt þannig stöðu heimila og fyrirtækja í landinu. Fjármálakerfi á að þjóna heimilum og fyrirtækjum á skilvirkan og hagkvæman hátt og þar eru tækifæri til umbóta, tækifæri sem verður að nýta nú þegar leiðin til umbóta hefur verið vörðuð.

Í hvítbók um fjármálakerfið segir m.a. að landsmenn sem taka lán hjá bönkunum greiða 45 krónur í álagningu bankanna af hverjum 100 sem þeir greiða í vexti. Þetta er hátt í alþjóðlegum samanburði en kostnaðarhlutföll íslenskra banka eru há samanborið við banka af sambærilegri stærð á hinum Norðurlöndunum.


Sértækir skattar á fjármálastarfsemi eru hærri hér á landi en annars staðar. Mikilvægt er að jafna þennan mun og ná þannig fram lækun vaxta hér á landi. Auk þessa getur ríkið sem eigandi meirihluta innlendra banka krafist aukins aðhalds í rekstri, aukinnar sérhæfingar og útvistunar verkefna og skapað þannig skilvirkara og hagkvæmara fjármálakerfi sem ætti að skila sér í aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja í landinu.

Gjain milli framboðs og eftirspurnar – menntun og mannauður

Á síðustu árum hefur myndast gjá milli framboðs og eftirspurnar á íslenskum vinnumarkaði. Þetta endurspeglast í árlegri könnun Samtaka iðnaðarins en 73% félagsmanna Samtaka iðnaðarins sögðust vilja bæta við sig starfsfólki með starfsmenntun (þ.m.t. iðnmenntun) á árinu 2019. Einungis 12% sóttust eftir háskólamenntuðu fólki, mest einstaklingum með raungreina- og tæknimenntun.

Færnimisræmið m.t.t. verklegar færni er bersýnilegt í nýlegum gögnum Hagstofu um menntunarstöðu íslensku þjóðarinnar. Kemur þar fram að fjöldi einstaklinga með háskólamenntun hefur aukist um 80% meðal karla og 117% meðal kvenna frá 2003. Á sama tíma hefur fjöldi karla með starfsmenntun aukist um 3% en dregist saman um 6% meðal kvenna.

Fjöldi 25-64 ára á vinnumarkaði



Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið um fjölgun starfsnámsnema á næstu árum. Undir þetta taka Samtök iðnaðarins heilshugar og benda í því samhengi á menntastefnu samtakanna sem og skýrsluna Mótum framtíðina saman – atvinnustefna þar sem slík fjölgun er meðal markmiða.


Áherslur fjárlagafrumvarpsins taka að miklu leyti á þessu hvað varðar starfsnámið en samtökin fagna þeirri útgjaldaaukningu sem boðuð er til framhaldsskólastigsins í fjárlagafrumvarpi ársins 2020. Sem dæmi um verkefni til að styðja við það markmið er áframhaldandi innleiðing rafrænna ferilbóka, umbætur í námsumhverfi starfsnámsnema og bætt aðstaða.

Í nýlegri menntatölfræði OECD „*Education at a glance*“ kemur fram að kostnaður Íslendinga við hvern nema í starfsnámi sé um 60% hærri en kostnaður við hvern nema í bóknámi. Er það hlutfallslega mun hærri fjárhæð en meðaltal OECD landanna sem verja um 16% meiri fjármunum til hvers nema í starfsnámi í hlutfalli við bóknámið. Er þar miðað við kaupmáttarleiðréttar tölur með alþjóðlegt samanburðarhæfi.

Ljóst er því að þörf er á umtalsverðri útgjaldaaukningu til starfsnámssviðsins á næstu árum ef metnaðarfull markmið stjórnvalda um eflingu starfsnámsins eiga fram að ganga. Hafa ber þó í huga að útgjöld ein og sér eru ekki mælikvarði á árangur. Mikilvægt er að kostnaðarskilvirkni í ráðstöfun fjármuna á sama tíma og gæði námsins eru varðveitt. Er það í samræmi við málflutning OECD í skýrslu þar sem stofnunin fjallar um gæði útgjalda, sér í lagi í menntakerfinu. Stefnumörkun og framkvæmd ræður miklu um árangur og þar þarf að gera betur að mati OECD. Samtökin taka undir það.

Á 20. öldinni byggðu Íslendingar verðmætasköpun sína að miklu leyti á náttúruauðlindum en nýsköpun og öflugur mannauður verður drifkraftur framfara á 21. öldinni. Vísbendingar eru um að Ísland sé eftirbátur annarra landa þegar litið er til getu landsins til nýsköpunar. Sést það best á því að hlutdeild íslensks vinnumarkaðar með svokallaða STEM færni er þó nokkuð undir meðaltali OECD landanna. Hlutfall brautskráðra í STEM-fögunum svokölluðu er rétt um 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD. Gera verður betur að þessu leyti, að öðrum kosti getur reynst erfitt að fjölga stoðum í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar.

Menntunarstaða 25-64 ára - STEM fögin





Í þessu samhengi er auknum fjármunum til háskólastigsins fagnað. Þó má gera betur hvað varðar STEM greinar á háskólastigi. Skoða ætti t.d. hvort beita ætti fjárhagslegum hvötum í meiri mæli til háskóla og/eða afburðanemenda á háskólastigi.

Eflum umhverfi nýsköpunar

Rík áhersla er lögð á eflingu nýsköpunar í fjármálaáætlun 2020-2024 og endurspeglast það í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020. SI fagna því að útgjöld til málaflokks nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina aukist um 11% á milli ára. Þetta sýnir vilja stjórnvalda til að efla nýsköpun hér á landi og skilning á mikilvægi nýsköpunar fyrir framtíðarlífskjör.

SI telja jafnframt að þær áherslur sem fram koma í frumvarpinu og framtíðarsýn málefnasviðsins séu jákvæðar. Til að mynda á að vinna að endurskipulagningu og breytingu á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, sem er að mati SI tímabært. Hlutverk ríkisins í málaflokknum þarf að taka endurskoðun reglulega, taka mið af aðstæðum hverju sinni og framtíðaráskorunum. Þá taka SI undir það sjónarmið að stefna stjórnvalda í nýsköpun sé fyrst og fremst sú að skapa skilyrði til að tryggja að Ísland geti verið nýsköpunarland þar sem góðar hugmyndir finni sér frjósaman farveg til vaxtar.


Fram kemur einnig að í tengslum við nýsköpunarstefnu verði unnið að einföldun á stuðningsumhverfi nýsköpunar með það að markmiði að ná fram aukinni skilvirkni, einföldun regluverks og gagnsæi í opinberum stuðningi. Þetta er fagnaðarefni, enda telja SI tækifæri og ástæðu til að einfalda hlutverk ríkisins og að kanna ætti möguleika á sameiningum sjóða og stofnana í málaflokknum. Þetta ætti að stuðla að skilvirkara kerfi og losa um fjármuni sem nýttir yrðu til að efla samkeppnissjóði og hlutverk ríkisins í að byggja upp öflugt fjármögnunarumhverfi fyrir sprotafyrirtæki. SI hvetja stjórnvöld einnig til að halda áfram á þeirri braut að nýta skattkerfið til að hvetja til rannsókna og þróunarstarfsemi fyrirtækja og vinna nú að greiningu á svigrúmi ríkisins til þess í samræmi við evrópskt regluverk.

Efla þarf samgönguinnviði

Hagkvæmir, skilvirkir og áreiðanlegir innviðir sem þjóna þörfum atvinnulífs og heimila skila sér í aukinni samkeppnishæfni þjóðarbúsins, aukinni velmegun og betri lífsgæðum fyrir íbúa. Með fjárfestingum í innviðum eru byggðar stoðir fyrir hagvöxt framtíðarinnar.

Á sviði vegasamgangna er uppsöfnuð þörf fyrir nýfjárfestingar og viðhald umtalsvert. Umferð á vegum landsins hefur aukist verulega undanfarin ár á sama tíma og viðhald og nýfjárfestingar í vegasamgöngum hafa verið litlar. Tafir eru allt of miklar og slys of algeng. Of lítil áhersla hefur verið á vegabætur á undanförunum áratug og meirihluta fjármagns veitt í almenningssamgöngur, m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að huga að breyttum ferðavenjum til framtíðar en jafnframt verður að leysa þann vanda sem notendur einkabíla standa frammi fyrir, m.a. aukinn aksturskostnaður og aukinn ferðatími. Til að bæta þar úr þarf að endurbæta vegakerfið og huga að kostnaðarskilvirkum aðgerðum á við ljósastýringu á höfuðborgarsvæðinu. Nú er kjörið tækifæri til að gera áttak á þessu sviði. Með því er dregið úr slakanum sem annars myndast í hagkerfinu og byggt undir hagvöxt framtíðarinnar. Ánægjulegt er að sjá áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum í frumvarpi til fjárlaga en þar er fjárframlag til málaflokksins aukið.

Útgjöld til samgönguframkvæmda sem hlutfall af VLF



Samgönguráðherra hefur hins vegar sagt að yfir 220 ma.kr. vanti í viðhald og nýfjárfestingar í vegakerfinu. Því til viðbótar er að falla til árleg viðhaldspörf upp á 11 ma.kr., þ.e. samtals 55 ma.kr. yfir tímabil ofangreindrar fjármálaáætlunarinnar. Samtals eru þetta því yfir 280 ma.kr. í viðhald og nýfjárfestingar. Í frumvarpi til fjárlaga er rætt um að fjárfestingar í samgöngum verði auknar í 28 ma.kr. á næsta ári og að samtals verði 120 ma.kr. varið í viðhald og nýfjárfestingar í þennan málaflokk á tímabilinu 2020 til 2024 eða einungis tæplega 43% af þörf. Ljóst er að betur má ef duga skal í þessum efnum.

Í fjármálaáætlun og fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar sem fjárlagafrumvarpið hvílir á er talað um grunnildin fimm sem krafa er gerð um í lögum um fjármálastefnu og fjármálaáætlun. Þar er sjálfbærni efst á blaði. Það skýtur skökku við að leggja áherslu á sjálfbærni og ábyrgð gagnvart næstu kynslóð á sama tíma og skuldasöfnun vegna ófullnægjandi viðhalds og fjárfestinga í vegakerfinu er eins mikil og raun ber vitni. Uppsöfnuð viðhaldspörf verður þá skuld næstu kynslóðar. Vegna vaxtar í tekjum af erlendum ferðamönnum undanfarin ár má fullyrða að við höfum aldrei áður byggt okkar velmegun jafn mikið og nú á vegakerfi landsins. Á sama tíma hefur ríkisstjórnin verið að leggja lítið til þessara mála.

Í þessu samhengi er samvinnuleið ríkis og einkaaðila góður kostur við fjármögnun uppbygginga í innviðum en rannsóknir hafa sýnt að innviðafjárfestingar sem eru framkvæmdar með samvinnuleiðinni eru líklegri til að vera á áætlun, bæði hvað varðar tíma og kostnað. Í því ljósi er ánægjulegt að sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa undirritað samkomulag um uppbyggingu samgönguinnviða og almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu næstu 15 árin. Þar er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 120 milljarða á svæðinu og að gjaldtaka muni standa undir 60 milljörðum.



Samtök iðnaðarins vilja leggja áherslu á það að stjórnvöld stilli veggjöldum í hóf í hlutfalli við ábata notenda af samgöngubótinni. Þá ber að gæta jafnræðis milli landsvæða í gjaldtöku og álögum en íbúar og fyrirtæki borgarinnar greiða nú þegar umtalsverða skatta sem staðið hafa undir framkvæmdum um land allt á síðustu árum.

Arðsemi þeirra samgöngufjárfestinga sem framundan eru er mikil ef rétt er haldið á spilunum. Í því ljósi er umhugsunarvert að ekki sé beitt neinni kerfisbundinni forgangsröðun í veitingu fjár til þessa málaflokks og engin viðleitni hjá ríkisstjórninni að breyta því m.v. ofangreinda áætlun. Beita verður tólum kostnaðar-/ábatagreiningar til að forgangsráða í samgöngumálum og hefur OECD m.a. bent á það. Með ábyrgri forgangsröðun er unnt að auka framleiðni samgöngukerfisins og í leiðinni hagkerfisins alls.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Ingólfur Bender'.

Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur SI

A handwritten signature in blue ink that reads 'Sigurður Hannesson'.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI